



-Jól og áramót-  
**Björgunarsveitarinnar**  
**Hafliða**  
 20. desember 2016

Ábm: Karl Ásberg Steinsson



**ALVÖRU KAPPAR**

Kappaturnar óskar eru gríðarlega vinsælar enda sérvaldar til þess að bera þessi rammiðersku nafn margra helstu kappi Íslandsgagnanna. Mikla fjölbreytni er að finna í þessari línu og ættu allir að fá eitthvað við sitt hæfi.

Flúðlaðanmarkaður  
 EITTEKUNARVEITINGA  
 1180 HAFLIÐA  
 477 9100

### **Þorláksmessa og aðfangadagur jóla:**

Móttaka jólakorta verður í Hafliðabúð milli kl. **16.00 og 18.00** á Þorláksmessu. Vinsamlegast komið tímanlega. Merkið umslög með nafni og heimilisfangi.

Að venju munu jólasveinar koma til okkar og hjálpa til við að bera út jólakort og pakka á aðfangadag.

Á Þorláksmessukvöld verður jólatrésskemmtun í miðbænum og byrjar hún kl. **19.30**. Boðið verður upp á heitt kakó og smákökur í verslun Samkaupa í boði Verkalýðsfélags Þórshafnar, Samkaupa og Bjsv. Hafliða. Jólasveinar munu mæta á svæðið og það verður sungið og gengið í kringum jólatréð.

### **Annar í jólum:**

Mánudaginn 26.des. kl. 15:00 verður Foreldrafélag Grunnskólans með jólaball fyrir alla aldurshópa í Þórsveri. Jólasveinarnir mæta og léttar veitingar verða í boði.

### **Áramót og flugeldar:**

**Flugeldasala** verður í Hafliðabúð á eftirfarandi dögum:

Fimmtudaginn	29. desember	kl. 17.00-20.00
Föstudaginn	30. desember	kl. 17.00-20.00
Laugardaginn	31. desember	kl. 10.00-14.00

**Áramótabrennan** á Þórshöfn byrjar kl. **20.30** á gamlárskvöld og verður hún út á Hjallamel í landi Syðra-Lóns.

**Flugeldasala** verður í Arnarbúð á eftirfarandi dögum:

Fimmtudaginn	29. desember	kl. 18.00-20.00
Föstudaginn	30. desember	kl. 16.00-20.00

**Áramótabrennan** á Bakkafirði byrjar kl. **20.30** á gamlárskvöld og verður hún út á Dagsmálshrauni í landi Langanesbyggðar.

**Flugeldasýning Hafliða** verður kl. **21.30**, í lok brennunar, við endan á Fjarðarvegi (á túninu við Vegamót). Upplagt er að horfa á sýninguna frá hafnarsvæðinu. Við stefnum að venju að frábærri sýningu.

Um leið og við hvetjum alla til að fara gætilega með eld og flugelda óskum við öllum gleðilegra jóla og þökkum fyrir stuðninginn á árinu sem er að líða.